

Matvælastofnum
Sent til: mast@mas.us



Reykjavík, 12. febrúar 2026

Umsögn Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) um tillögu MAST að breytingu á rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. Arnarfirði

IWF leggst gegn því að Arctic Sea Farm fái heimild til að setja út 60g seiði í stað 120g seiða af eftirtöldum ástæðum.

1. Vegna aukins stroks og meiri erfðablöndunar við villtan lax

Mun meiri hættu er á að smá seiði sleppi en þau sem eru stærri. Stafar það annars vegar af því að fyrirtæki vanmeta gjarnan stærð seiða og möskvastærð netapokanna er ekki nógu þétt.

(sjá til dæmis: https://www.researchgate.net/publication/339131257_Prediction_of_size-dependent_risk_of_salmon_smolt_Salmo_salar_escape_through_fish_farm_nets)

Hins vegar af þeirri ástæðu að minni seiði þurfa að vera lengri tíma í sjó en þau stærri og það eykur hlutfallslega á strokhættu.

Rökstuddur grunur er fyrir því að stök úr sjókvíum sé langt umfram þau sem hafa verið tilkynnt og gert er ráð fyrir í áhættumati Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndum og því mikið í húfi að auka ekki stök með útsetningu minni seiða.

Í álitsgerðgerð Arev vegna dómsmáls, sem höfðað hefur verið að hálfu Veiðifélags Hrótafjarðarár og Síkár og Veiðifélag Blöndu og Svartár, kemur fram það mat að ótilkynnt stök seiða hafi verið 107.500 á ári frá 2017 til 2020 eða um 428.000 eldislögum fyrir allt tímabilið.

Álitsgerðin svarar þessari spurningu:

„Í töflu 7 í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis er yfirlit yfir sýnatöku seiða í völdum ám á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi árið 2021

(Hafrannsóknastofnun, 2024). Þar kemur fram hversu mörg seiðanna eru af blönduðum uppruna villtra laxa og eldislaxa. Hvaða stokatburðir frá eldisvæðum hafa valdið þessari blöndun?“

Álitsgerðin í heild fylgir þessari umsögn.

1. Af dýravelferðarástæðum

Bein tengsl eru milli þyngdar og stærð seiða og affalla. Mesti seiðadauði í sjókvíaeldi er á fyrstu mánuðum eftir útsetningu og minni seiði eru mun veikbyggðari en stærri og þyngri. Þetta á stjórnendum Arctic Sea Farm að vera vel kunnugt um, eða að minnsta kosti meirihlutaeiganda félagsins, norska sjókvíeldisrisanum Mowi. Fyrir fjórum mánuðum birtist til að mynda viðtal við stjórnanda Mowi í Noregi þar sem viðfangsefnið er hvernig félaginu tókst að helminga þrálátan og mikinn dauða eldislaxa í kvíunum. Þar kemur eftirfarandi meðal annars fram:

Mowi shifted all sea-based operations on Sotra from traditional smolt (150–200 grams, farmed 15–18 months in the sea) to post-smolt of 1,000–1,200 grams.

“The results differ depending on whether we transfer the fish in spring or autumn,” Sand said.

“If we transfer in spring, the fish may need to be even larger to reach harvest size successfully.”

By stocking 1.2-kilogram fish, time in the sea is reduced to a maximum of 10 months. That means the most vulnerable period — when mortality tends to occur — is dramatically shorter.

Sjá: <https://www.intrafish.com/aquaculture/how-the-worlds-biggest-salmon-farmer-slashed-mortality-at-some-of-its-most-challenging-sites/2-1-1881367>

Hvergi á landinu hefur útbreiðsla laxalúsar verið jafn mikil og viðverandi og í Arnarfirði. Alls eru 30 af 75 staðbundnu leyfum, sem MAST hefur gefið út á landinu öllu frá 2017, fyrir notkun eiturefna og lyfjafóðurs vegna lúsasmits í Arnarfirði.

Í umhverfismatsskýrslu Arnarlax sem lögð var fram í febrúar 2025 vegna áforma fyrirtækisins um að auka hámarkslífmassa úr 11.500 tonnum í 16.000 tonn og stækka eldissvæðin úr 5,9 km² í 29 km² í Arnarfirði kom fram þessi fullyrðing: „Smitvarnir gegn laxalús s.s. notkun hrognkelsaseiða og lúsapilsa hafa skilað árangri og draga úr nýsmiti eldisfisks.“ Þetta er ósatt, eins og bent var á í umsögn IWF um áformin. Frá því umhverfismatsskýrslan var lögð fram hefur MAST gefið út leyfi fyrir eitrunum eða notkun lyfjafóðurs í Arnarfirði á þessum eldissvæðum:

- 1) Maí, 2025: Salmosan vet. (azametifos) í baðlausn fyrir 11 af 13 kvíum á Haganesi, Arnarfirði
- 2) Ágúst 2025: Alpha Max vet (deltametrin) í baðlausn fyrir allar fjórar kvíar á Steinanesi, Arnarfirði.
- 3) September 2025: Slice vet. (Emamectin) lyfjablandað fóður í átta kvíar við Hvestu í Arnarfirði.

Þessi viðvarandi og mikla útbreiðsla laxalúsasmits skiptir lykilatriði þegar kemur að velferð eldisdýranna. Alþekkt er að því smærri sem ungvíði laxfiskar er því minni eru lífslíkur þeirra við lúsasmit.

Ef verður orðið við ósk Arctic Sea Farm um að heimila að setja út 60g seiði í stað 120g seiða er MAST að taka með yfirlögðu ráði ákvörðun um að auka strok og seiðaleka úr sjókvíum og leyfa fyrirtækinu að láta enn meira af eldislaxi drepast í sjókvíum en það gerir nú þegar.

Fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund,


Jón Kaldal



Matvælastofnun,
Austurvegur 64
800 Selfoss

Reykjavík, 12. febrúar 2026

Efni: Umsögn NASF á Íslandi um Tillaga að breytingu á rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. Arnarfirði. Mál - 2511812

Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Síðumúla 34, 108 Reykjavík, er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og framkvæmdastjóri er Elvar Friðriksson kt. 111189-2349.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna kt. 550692-2449, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

Umsögn

NASF er alfarið á móti því að Arctic Sea Farm hf. verði veitt heimild til að setja smærri seiði út í sjókvíar en nógildandi leyfi gera ráð fyrir.

Því minni sem seiðin eru við útsetningu, þeim mun lengri verður dvalartími þeirra í sjó. Lengri sjóvist eykur óhjákvæmilega áhættu á rekstraratvikum, bilunum og slysum, þar með talið sleppingum. Sleppingar eldislaxa eru ein alvarlegasta ógnin við villta laxastofna og allar ákvarðanir stjórnvalda verða að taka mið af varúðarreglu og lágmörkun áhættu.

Það vekur sérstaka athygli að nýlega hefur forstjóri Arctic Sea Farm í opinberri umræðu lagt áherslu á að fyrirtækið vilji ala **stærri seiði**, m.a. í því skyni að bæta rekstur og draga úr áhættu

(sjá t.d. umfjöllun RÚV):<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-11-25-fiskeldisfelog-vilja-meiri-fyrirsjaanleika-til-ad-efla-fjarfestingu-459671>).


Nú liggur hins vegar fyrir formleg beiðni um að fá heimild til að setja **smærri seiði** út í sjó. Þetta fer ekki saman. Stjórnvöld geta ekki byggt leyfisveitingar á yfirlýsingum um áform annars vegar og beiðnum um gagnstæða framkvæmd hins vegar. Ef fyrirtækið telur stærri seiði vera betri lausn, þá á það að endurspeglast í rekstrarleyfum, ekki öfugt.

NASF telur að umrædd tillaga feli í sér afturför í áhættustýringu fiskeldis, auki óþarfa umhverfisáhættu og grafi undan markmiðum um vernd villtra laxastofna. Breytingin þjónar fyrst og fremst rekstrarlegum hagsmunum eldisins en ekki almannahagsmunum eða náttúruvernd.

NASF leggst því eindregið gegn því að tillagan verði samþykkt.

NASF óskar eftir því að umsögn þessi verði tekin efnislega fyrir og stuðst verði við hana á næstu stigum málsins.

Virðingarfyllt,



f.h. NASF á Íslandi
Elvar Örn Friðriksson

Matvælastofnun
Austurvegur 64
800 Selfoss

Reykjavík, 12. febrúar 2026.

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um tillögu að breytingu á rekstrarleyfi FE-1159. Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði - 2511812

Landssamband veiðifélaga, kt. 640374-0129 (hér eftir „Landssambandið“), veitir hér með eftirfarandi umsögn um tillögu að breytingu á rekstrarleyfi FE-1159. Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði sem birtist sem frétt á vef Matvælastofnunar 14. janúar 2026. Tillagan felur í sér að heimila fyrirtækinu að setja út frjó 60 g seiði í stað 120 g seiða líkt og kveðið er á um í gildandi rekstrarleyfi.

Landssambandið geldur miklum varhug við þessari tillögu. Í gildandi skilyrðum rekstrarleyfisins er kveðið á um að frjó seiði sem sett eru út í kvíar skuli vera yfir 120 g, og sú krafa hefur verið talin mikilvæg mótvægisáðgerð til að draga úr líkum á stroki og þar með erfðablöndun villtra laxastofna. Að lækka lágmarksstærð seiða niður í 60 g er því ekki smávægileg breyting heldur breyting sem hefur mikil áhrif á þá áhættu sem felst í rekstri opins sjókvíaeldis með frjóum fiski fyrir íslenska náttúru.

Landssambandið telur jafnframt að tillagan samrýmist illa þeim yfirlýsingum sem komið hafa fram af hálfu hagsmunasamtaka og forsvarsmanna eldisfyrirtækja í opinberri umræðu og innan samráðsvettvangs fiskeldis, þar sem útsetning stórseiða hefur verið sett fram sem lykilatriði í að lágmarka áhrif laxeldis í opnum sjókvíum á íslenska náttúru. Sem dæmi má nefna að í umræðu um drög að nýju áhættumati erfðablöndunar (2025) var útsetning stórseiða talin sem mjög mikilvæg mótvægisáðgerð að hálfu talsmanna eldisins þegar kemur að vörnum gegn stroki og þar með erfðablöndun. Annað dæmi er yfirlýsingar framkvæmdastjóra Arctic Sea Fram í Ríkisútvarpinu seint á síðasta ári, Hér er því um talsvert ósamræmi að ræða í orðum og gjörðum talsmanna sjókvíaeldis hér á landi. Þetta ósamræmi vekur upp áleitnar spurningar um heilindi þeirrar yfirlýsinga að rekstraraðili hyggist einungis nýta heimildina í „undantekningartilfellum“.

Ekki er að fullu ljóst um ástæðuna að baki því að rekstraraðili óski eftir þessari breytingu á rekstrarleyfi, en líklega er hér um að ræða viðbrögð við þeim takamarkandi þætti sem framleiðsla á seiðum til sjóeldis á laxi hefur verið. Með því að heimila útsetningu smærri seiða lengist einnig sá tími sem fiskur þarf að vera í kví, og þar með áhættan á stroki úr kví

með tilheyrandi erfðamengun íslenskra laxastofna. Þá er einnig rétt að geta þess að miðað við þá miklu erfðablöndun sem hefur verið mæld af Hafrannsóknarstofnun er ljóst að fjöldi ótilkynnta stroka úr kvíum bæði fullorðinna fiska og seiðaleki, hefur verið margfalt meira magn en það magn sem hefur verið tilkynnt. Er það í miklu samræmi við reynsluna og rannsóknir í Noregi. Þetta skiptir máli við íslenskar aðstæður þar sem áhrif stroks frjórra eldislaxa geta verið óafturkræf fyrir viðkvæma villta laxastofna.

Landssambandið leggst því harðlega gegn því að tillagan verði samþykkt. Með því að heimila notkun svo smárra seiða væri einungis verið að taka tillit til efnahags og rekstrarlegs sveigjanleika fiskeldisfyrirtækja á kostnað íslenskra villtra laxastofna. Meginmarkmið laga- og reglugerðarumhverfis sjókvíaeldis er að eldið eigi að hafa sem minnst áhrif á náttúru landsins, þetta má sjá hvoru tveggja drög að frumvarpi sem nýlega var í samráðsgátt og núgildandi löggjöf frá 2008. Ef Matvælastofnun samþykkir tillöguna um breytingu á rekstrarleyfi er stofnunin að vinna gegn ofangreindum markmiðum stjórnvalda um lágmarksáhrif opins sjókvíaeldis og auka verulega áhættuna á enn umfangsmeiri og hraðari erfðablöndun íslenskra laxastofna.

Að lokum, væntir Landssambandið þess að þessi umsögn verði tekin til efnislegrar meðferðar og þau sjónarmið sem í henni eru verði tekin alvarlega í næstu stigum málsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssambands veiðifélaga



Jóhann Helgi Stefánsson,
frankvæmdastjóri